

Hugmyndir að skipulagi

1. Skipulag og kynning

Best er að umsjónaraðili **Göngum í skólann** sjái um að halda utan um allt skipulag og alla framkvæmd á meðan á verkefninu stendur. Sér hann um að hvetja samstarfsfólk, foreldra og börn til að taka þátt í verkefninu. Sniðugt er að senda reglulega út skemmtilega hvatningarpósta og minna á verkefnið. Einnig er mikilvægt að kennarar séu hvattir til þess að tileinka hluta af kennslunni **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Á næstu síðum má finna ýmsar hugmyndir um hvernig nýta megir t.d. stærðfræði – og kennslu úti við **Göngum í skólann**. Við bendum á vefinn www.umferd.is þar sem hægt er að nálgast efni um umferðaröryggi fyrir kennara, foreldra, unglinga og börn sem hentugt er að nýta við kennslu. Á [Reiknivél Orkusetursins](#) er hægt að reikna út hversu mikið sparast í bensín og í útblæstri CO₂ við það að ganga/hjóla ákveðna vegalengd í skólann. Þá má benda á handbókina *Virgni í skólastarfi - Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla*, en 3. kafli fjallar einmitt um virkan ferðamáta. [Hægt er að nálgast rafrænt eintak hér.](#)

2. Framkvæmd

Hér koma nokkur dæmi um það hvernig verkefninu getur verið háttað.

a. *Dagur tileinkaður verkefninu*

Hægt er að skipuleggja einn dag á meðan á verkefninu stendur, t.d. fyrsta eða síðasta daginn, með þeim hætti að allir eru hvattir til að ganga í skólann og þegar í skólann er komið taki við skemmtileg dagskrá tileinkuð t.d. umferðaröryggi.

b. *Göngum í skólann vika/ 2 vikur / 3 vikur / mánuður*

Eina / tvær / þrjár / fjórar vikur á meðan á verkefninu stendur tileinkaðar **Göngum í skólann**. Á þeim tíma eru allir hvattir til þess að ganga til og frá skólanum. Á hverjum degi væri hægt að bjóða uppá viðburði er tengdust umferðinni. Sem dæmi um það væri tilvalið að fá lögregluna, björgunarsveitina, fólk frá bænum, eða aðra sem koma að máli til að vera með kynningu fyrir börnin sem endaði svo á gönguferð um nánasta nágrenni skólans þar sem ýmis atriði tengd kynningunni væru dregin fram.

c. *Göngum í skólann dagurinn*

Einn dagur í hverri viku á meðan á verkefninu stendur tileinkaður **Göngum í skólann**, og t.d. þá alltaf sami vikudagurinn. Á þessum degi væru allir hvattir til þess að koma gangandi í skólann og t.d. tengja námið við umferðaröryggi eða umhverfið. Margir skólar erlendis standa t.d. fyrir svona degi allt skólaárið.

3. Skipuleggja viðburði á meðan á verkefninu stendur

Hér á eftir má finna 47 hugmyndir af viðburðum sem hægt er að standa fyrir meðan á



verkefninu stendur. Það sem skiptir máli hér er að vera sem hugmyndaríkastur og nýta sér það sem fyrir er í skólanum/hverfinu/bænum og fá sem flesta í lið með sér. Viðburðirnir þurfa ekki að vera stórir og dýrir í sniðum heldur er mikilvægast að þeir skili sér í auknu umferðaröryggi barna á leið til og frá skóla.

Göngum í skólann dagatal

Aftast í handbókinni má finna heimatilbúið dagatal þar sem búið er að merkja þá daga sem verkefnið stendur með merki **Göngum í skólann**. Hugmyndin sem liggur að baki er sú að hvert barn sem taki þátt í **Göngum í skólann** geti prentað út sitt eintak af dagatalinu og fái svo stimpil í þá reiti sem gengið var til og frá skóla. Ykkur er frjálst að útfæra þetta eins og þið viljið og ef þið hafið áhuga á að nýta ykkur merki verkefnisins getið þið sent póst á linda@isi.is og fengið merkið sent í tölvupósti.